Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 16. nóvember 2026
MSS26080071

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa áheyrnarfulltrúa Vinstrisins um endurskoðun samgöngusáttmálans

Á fundi borgarráðs þann 20. ágúst sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Vinstrisins:

> *Á verkefnalista BCD (Framsóknar, Viðreisnar og Sjálfstæðisflokks) á netinu kemur fram að samtal sé hafið við ríkið og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu um endurskoðun samgöngusáttmálans, fjármögnun hans og framkvæmdahraða. Í því ljósi er óskað eftir upplýsingum um eftirfarandi:*
>
> *1) Hvenær hafa fundir verið haldnir og hverjir hafa setið þá? Óskað er eftir fundargerðum fundanna hafi þeir verið haldnir.*
>
> *2) Hefur farið fram vinna við að meta forsendur og kröfur Reykjavíkurborgar í þessu samtali og liggur fyrir mat á hvaða grundvelli borgaryfirvöld vilja taka upp samkomulagið og þeim breytingum á samgöngusáttmálanum sem meirihlutinn sér fyrir sér? (Á til dæmis að taka samgöngusáttmálann upp í heild sinni eða einvörðungu einstaka framkvæmdir í landi Reykjavíkur?) Ef svo er er óskað eftir öllum gögnum þeirrar vinnu.*
>
> *3) Er búið að meta áhrif á upptöku samgöngusáttmálans í heild sinni m.t.t. framkvæmdahraða, fjármögnunar, tekjumissis og tafa samgönguúrbóta? Óskað er eftir þeim gögnum séu þau til staðar og ef ekki er óskað eftir hlutlausu mati á þessum þáttum í formi minnisblaðs*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 21. ágúst sl.

Svar við fyrirspurn:

1) Hvenær hafa fundir verið haldnir og hverjir hafa setið þá? Óskað er eftir fundargerðum fundanna hafi þeir verið haldnir.

Reykjavík

Borgarstjóri átti fundi með annars vegar fjármálaráðherra 10. júní 2026 og hins vegar innviðaráðherra 16. júní 2026, hvar meðal annars voru rædd næstu skref hvað samgöngusáttmálann varðar. Var sáttmálinn jafnframt ræddur á stjórnarfundum SSH 22. júní, 6. júlí og 17. ágúst 2026, en í stjórninni eiga sæti borgarstjóri og bæjarstjórar nágrannasveitarfélaga. Var ákveðið að formgera samtalið á vettvangi stýrihóps um samgöngusáttmálann.

Samkvæmt hluthafasamkomulagi um stjórnskipulag og eignarhald milli íslenska ríkisins og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um Betri samgöngur ohf. frá október 2020, þá skipa stýrihópinn forsætisráðherra, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkisins en borgarstjóri, formaður og varaformaður Sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu fyrir hönd sveitarfélaganna.

Stýrihópnum er ætlað að funda ársfjórðungslega en fundir höfðu aldrei verið boðaðir eftir endurnýjun samgöngusáttmálans 2024 fyrr en borgarstjóri kallaði eftir fundi í ágúst síðastliðnum. Stýrihópurinn er á forræði forsætisráðuneytisins, sem jafnframt sér um boðun fundanna.

Fyrsti fundur fór fram 9. október sl. eftir að hafa frestast vegna anna hjá ráðherrum. Engin fundargerð hefur borist frá ráðuneytinu. Næsti fundur stýrihópsins er áætlaður 27. nóvember nk.

2) Hefur farið fram vinna við að meta forsendur og kröfur Reykjavíkurborgar í þessu samtali og liggur fyrir mat á hvaða grundvelli borgaryfirvöld vilja taka upp samkomulagið og þeim breytingum á samgöngusáttmálanum sem meirihlutinn sér fyrir sér? (Á til dæmis að taka samgöngusáttmálann upp í heild sinni eða einvörðungu einstaka framkvæmdir í landi Reykjavíkur?) *Ef svo er er óskað eftir öllum gögnum þeirrar vinnu.*

Reykjavíkurborg leggur í samtalinu ríka áherslu á að ríkið fjármagni sinn hluta samgöngusáttmálans með öðrum hætti en veggjöldum á borgarbúa. Jafnframt hafa verið viðraðar áhyggjur af því að ríkisstjórnin hafi skert framlög til sáttmálans um 25% árið 2027 enda getur skert framlag leitt til tafa á mikilvægum verkefnum.

Í samtalinu eru kannaðir möguleikar á því að flýta framkvæmd Miklubrautarganga og tryggja að framkvæmd við gatnamót Reykjanesbrautar og Bústaðarvegar hefjist á kjörtímabilinu. Eins er rætt um hagkvæmar leiðir til að innleiða öflugt kerfi almenningssamgangna.

Forsendur að baki skipulagi Keldnalands eru jafnframt liður í samtalinu, en tryggja þarf að sala byggingarréttar skili annars vegar væntu framlagi til samgöngusáttmálans en standi jafnframt undir nauðsynlegri innviðauppbyggingu borgarinnar innan hverfisins. Að mati borgarinnar er mikilvægt að nýtt skipulag Keldnalands sé aðlaðandi fyrir íbúa og að verktakar sjái hag sinn í því að taka þátt í uppbyggingunni.

3) Er búið að meta áhrif á upptöku samgöngusáttmálans í heild sinni m.t.t. framkvæmdahraða, fjármögnunar, tekjumissis og tafa samgönguúrbóta? Óskað er eftir

þeim gögnum séu þau til staðar og ef ekki er óskað eftir hlutlausu mati á þessum þáttum í formi minnisblaðs.

Lögð er áhersla á að yfirstandandi vinna við endurmat á ýmsum forsendum samgöngusáttmála tefji ekki mikilvægar samgöngubætur á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt upplýsingum frá Betri samgöngum er unnið áfram eftir þeirri tímalínu og forgangsröðun verkefna sem samningsaðilar samþykktu í ágúst 2024. Skert framlag ríkisins til sáttmálans árið 2027 getur þó vissulega haft tefjandi áhrif. Mat á áhrifum mögulegra breytinga á innihaldi sáttmálans mun ráðast af eðli þeirra breytinga sem kynnu að verða lagðar fram til umræðu og/eða afgreiðslu.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari